

Fréttatilkynning

Á fundi samkeppnisráðs í síðustu viku samþykkti ráðið fjórar ákvarðanir og eitt álit.

- 1. Erindi Halo ehf. vegna meintra brota Veðurstofu Íslands á samkeppnislögum. -Mælt fyrir um fjárhagslegan aðskilnað- (Ákvörðun nr. 13/2002)**

Halo rekur veðurupplýsingakerfi og veðurþjónustu sem dreifir upplýsingum um veður til einstaklinga og fyrirtækja á Internetinu. Halo taldi að Veðurstofan héldi veðurfræðilegum gögnum frá fyrirtækinu og mismunaði því gagnvart öðrum fyrirtækjum. Í því fælist samkeppnisleg misnotkun Veðurstofunnar á stöðu hennar. Samkeppnisráð beinir þeim fyrirmælum til Veðurstofunnar að gæta þess að samningar hennar við fyrirtæki mismuni þeim ekki með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum. Ennfremur mælir samkeppnisráð fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þeirrar starfsemi Veðurstofunnar sem er á samkeppnismarkaði og hins vegar þeirrar starfsemi sem er bundin í lögum.

- 2. Kvörtun vegna synjunar Íslenskrar getspár um að setja upp lottóspilakassa í Shellnesti á Húsavík. –Ekki tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs- (Ákvörðun nr. 14/2002)**

Shellnesti telur synjun Íslenskrar getspár takmarka möguleika fyrirtækisins gagnvart keppinautum á Húsavík. Íslensk getspá telur ekki kostnaðarlegar forsendur fyrir því að setja upp lottókassa hjá fyrirtækinu. Að mati samkeppnisráðs hefur Íslensk getspá málefnalegar og hlutlægar ástæður fyrir synjuninni og því ekki ástæða til afskipta ráðsins.

- 3. Kvörtun Dýralæknaþjónustu Suðurlands vegna meintra samkeppnishindrana sem felast í starfsskipan eftirlitsdýralækna á Suðurlandi. –Ekki tilefni til íhlutunar samkeppnisráðs- (Ákvörðun nr. 15/2002)**

Kvartendur telja störf eftirlitsdýralækna við opinbert eftirlit skarast við almenna dýralæknaþjónustu. Eftirlitsdýralækarnir starfa aðeins við eftirlit í sláturhúsum og fara störf þeirra ekki gegn samkeppnislögum að mati samkeppnisráðs.

- 4. Kvörtun héraðsdómslögmanns vegna gildandi fyrirkomulags við öflun málflutningsréttinda fyrir Hæstarétti. –Ekki tilefni til að hafast að- (Ákvörðun nr. 16/2002)**

Kvartandi telur m.a. að skipan prófnefndar sem tekur til afgreiðslu umsóknir um prófraunir fyrir Hæstarétti hamli samkeppni á milli lögmannna. Samkeppnisráð bendir á að seta starfandi hæstaréttarlögmanns í prófnefnd geti, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða, skapað tortryggni. Þrátt fyrir það telur samkeppnisráð ekki tilefni til að hafst frekar að.

- 5. Kvörtun vegna túlkunar ríkisskattstjóra á ákvæði í lögum um virðisaukaskatt sem mismunar aðilum sem selja aðgöngumiða að leik- eða söngsýningum og kvöldverð í tengslum við sýningarnar. (Álit nr. 1/2002)**

Þeim tilmælum er beint til fjármálaráðherra að beita sér fyrir því að samkeppnislegu jafnræði við greiðslu virðisaukaskatts við umræddar aðstæður verði komið á.

Auk þess sem að framan greinir samþykkti samkeppnisráð á fundi sínum reglur um niðurfellingu á sektum eða lækkun sekta á fyrirtæki þegar fyrirtæki sem taka þátt í ólögmetu samráði veita Samkeppnisstofnun upplýsingar um samráðið og starfa með stofnuninni við að upplýsa það. (Sjá sérstaka fréttatilkynningu um reglurnar)